

SJF/

Reykjavík, 10. febrúar 2014

Tilv.: 201401-0014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum (fækkun umdæma o.fl.) 251. mál.

Ríkissaksóknari gerir athugasemdir við eftifarandi ákvæði frumvarpsins:

1. mgr. 4. gr.

Í athugasemdum með frumvarpi að lögreglulögum, sem lagt var fram á 139 löggjafarþingi, mál nr. 753, vék ríkissaksóknari m.a. að því, að varhugavert væri að kveða ekki á um að við embætti lögreglustjóra væru starfræktar sérstakar rannsóknardeildir þar sem sérhæfðir lögreglumenn störfuðu, enda má ljóst vera að rannsóknir alvarlegra og umfangsmikilla sakamála verða ekki samþættar almennu lögreglustarfi. Eru fyrri athugasemdir ítrekaðar hvað þetta varðar.

Síðasti málsliður 1. mgr. 4. gr. undirstrikar vel þá staðreynd að mun hagfelldara er að hafa eitt en ekki tvö umdæmi lögreglustjóra á Norðurlandi, og þarf ekki að fjalla frekar um það.

4. mgr. 7. gr.

Ríkissaksóknari telur að skipunarvald yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna eigi að vera í höndum viðkomandi lögreglustjóra, enda hafa ekki verið færð fram sannfærandi rök fyrir að annað fyrirkomulag eigi að gilda um skipun þeirra en annarra lögreglumanna. Í þessu efni telur ríkissaksóknari m.a. rétt að benda á nauðsyn þess að lögreglustjóri hafi um það ákvörðunarvald hvernig bregðast skuli við þegar lögreglumaður við hans embætti hefur verið kærður fyrir refsiverða háttsemi, sbr. 35. gr. lögreglulaga, burtséð frá því hvaða stöðu viðkomandi lögreglumaður gegnir.



Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknari



Nefndasvið Alþingis (nefndasvid@althingi.is)